

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/22/16

frá 7. október 2004

um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 3679)

(2004/691/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 1999/2/EB má ekki flytja inn matvæli sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun frá þriðja landi nema þau hafi verið meðhöndluð í geislunarstöð sem Bandalagið viðurkennir.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB⁽²⁾ var sett fram upphafleg skrá yfir viðurkenndar stöðvar.
- 3) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um viðurkenningu frá einni geislunarstöð í Tyrklandi og einni í Sviss fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda þeirra. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar skoðuðu geislunarstöðvarnar til að ganga úr skugga um hvort þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 1999/2/EB og einkum hvort opinbert eftirlit ábyrgist að þær uppfylli kröfur 7. gr. þeirrar tilskipunar. Lögbær yfirvöld í báðum löndunum hafa brugðist á fullnægjandi hátt við öllum tilmælunum í lokaskýrslunni.

- 4) Síðan Ungverjaland gekk í Bandalagið 1. maí 2004 er ekki lengur viðeigandi að skrá geislunarstöð þess aðildarríkis í viðaukann við ákvörðun 2002/840/EB. Þessari stöð verður bætt við skrána yfir viðurkenndar geislunarstöðvar í aðildarríkjunum sem um getur í 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 1999/2/EB.
- 5) Breyta ber ákvörðun 2002/840/EB til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2002/840/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. október 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 13.10.2004, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46, 15.9.2005, bls. 19.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 287, 25.10.2002, bls. 40.

VIÐAUKI

Skrá yfir geislunarstöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu Bandalagsins

<p>Tilvísunarnr.: EU-AIF 01-2002</p> <p>HEPRO Cape (Pty) Ltd 6 Ferrule Avenue Montague Gardens Milnerton 7441 Western Cape Republic of South Africa Sími (27-21) 551 24 40 Bréfsími (27-21) 551 17 66</p>
<p>Tilvísunarnr.: EU-AIF 02-2002</p> <p>GAMMASTER South Africa (Pty) Ltd PO Box 3219 5 Waterpas Street Isando Extension 3 Kempton Park 1620 Johannesburg Republic of South Africa Sími (27-11) 974 88 51 Bréfsími (27-11) 974 89 86</p>
<p>Tilvísunarnr.: EU-AIF 03-2002</p> <p>GAMWAVE (Pty) Ltd PO Box 26406 Isipingo Beach Durban 4115 Kwazulu-Natal Republic of South Africa Sími (27-31) 902 88 90 Bréfsími (27-31) 912 17 04</p>
<p>Tilvísunarnr.: EU-AIF 05-2004</p> <p>GAMMA-PAK AS Yünsa Yolu N: 4 OSB Cerkezköy/TEKIRDAG TR-59500 Turkey Sími (90-282) 726 57 90 Bréfsími (90-282) 726 51 78</p>
<p>Tilvísunarnr.: EU-AIF 06-2004</p> <p>STUDER AGG WERK HARD Hogenweidstrasse 2 Däniken CH-4658 Switzerland Sími. (41-062) 288 90 60 Bréfsími (41-062) 288 90 70</p>